

STOFNSKRÁ  
fyrir Tónlistarsjóð kirkjunnar og STEFs.

Heiti

1. gr

Sjóðurinn heitir Tónlistarsjóður kirkjunnar og STEFs.

Heimilisfang

2. gr.

Sjóðurinn er vistaður hjá Þjóðkirkjunni.

Markmið sjóðsins

3. gr

Markmið sjóðsins er að efla kirkjulega tónlist og textagerð við slíka tónlist. Í því skyni styrkir sjóðurinn frumsköpun tónlistar og texta, útsetningar, útgáfu og önnur þau verkefni sem samræmast tilgangi sjóðsins. Þá er heimilt að veita styrki úr sjóðnum í viðurkenningarskyni fyrir störf á sviði kirkjutónlistar.

Stofnendur

4. gr.

Stofnendur sjóðs þessa eru STEF, kt. 620269-5739, til heimilis að Laufásvegi 40, Reykjavík og Þjóðkirkjan, kt. 460169- 6909, til heimilis að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Framlög til sjóðsins

5. gr.

Sjóðurinn er gegnumstreymissjóður. Í sjóðinn renna tuttugu af hundraði (20%) þeirra gjalda, sem árlega verða innheimt á grundvelli samnings STEFs og Þjóðkirkjunnar frá júní 2019 vegna opinbers flutnings tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Að öllu jöfnu úthlutar sjóðurinn jafnóðum því fjármagni sem rennur inn í sjóðinn. Auk þessa greiðir sjóðurinn eðlilegan kostnað vegna stjórnunar- og rekstrar.

Innheimti STEF höfundarréttargjöld af öðrum kristnum trúfélögum mun STEF greiða samsvarandi hlutfall (20%) til sjóðsins.

#### Ávöxtun

##### 6. gr.

Ávaxta skal sjóðinn tryggilega. Sjóðsstjórn ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og rekstri hans.

#### Stjórn

##### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur stjórnarmönnum. Einn er skipaður af söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar og skal sá vera formaður sjóðsstjórnar, einn er skipaður af biskupi Íslands og einn skipaður af STEFi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipað er í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórn sjóðsins skal ákveða stefnu og starfstilhögun sjóðsins í samræmi við stofnskrá þessa. Stjórn fær greidda þóknun fyrir stjórnarstörf og skal hún greidd af tekjum sjóðsins. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við skipan sjóðsstjórnar. Sami stjórnarmaður skal ekki sitja lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil í senn.

#### Fundir stjórnar

##### 8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn og skal þá til hans boðað innan tveggja vikna. Stjórninni er heimilt að setja sér reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### Auglýsing og úthlutun styrkja

##### 9. gr.

Sjóðsstjórn auglýsir opinberlega eftir umsóknum og úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum.

WBB  
MB

## Reikningsárið

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er reikningsárið frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta.

## Reikningar sjóðsins

11. gr.

Rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar annast bókhald sjóðsins. Gerð og skil ársreiknings skal vera samkvæmt reglum um ársreikninga. Ársreikningur skal áritaðir af skoðunarmanni sem STEF skipar til fjögurra ára í senn.


12. gr.

### Breyting stofnskrár, slit og eða sameining

Til þess að breyta stofnskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Stofnskránni skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum sjóðsins eða svipuðum markmiðum. Komi til niðurlagningar sjóðsins skulu eignir hans renna til STEFs. Skal þess þá gætt að þær renni til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.


Á Degi kirkjutónlistar

Neskirkju, Reykjavík, 2. apríl 2022



Fyrir hönd Þjóðkirkjunnar

Margrét Bóasdóttir, söngmálasjóri



F.h. STEFs

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.